

# Úr ýmsum áttum

## JOTA 16 - 17 október 1999

Helgina 16 til 17 október næstkomandi verður hið árlega JOTA hjá Radíóskátum um allan heim. Að venju munu íslenskir Radíóskátar taka þátt í þessu alheimsskátamóti í loftinu. Að þessu sinni stefnum við á að notfæra okkur þá aðstöðu sem við settum upp á Úlfjótsvatni fyrir landsmótið í sumar og dvelja þar þessa helgi í góðra vina hóp. Allir amatörar eru velkomnir í heimsókn og hafi einhverjir áhuga á að vera með hluta af tímanum eða allan tímann eru þeir hinir sömu hvattir til að hafa samband við félagsföngja Radíóskáta Konráð Þórisson, TF3KET, [konth@skima.is](mailto:konth@skima.is).

## Radíóskátar hittast vikulega á Snorrabraut 60 á mánudagskvöldum

### Hell fréttir

Alltaf fjölgar þeim löndum sem Hell merki heyrast frá. Nú eru þau 52 og þegar þú lest þetta hafa sjálfsagt nokkur bæst við. Í "The Hell Callbook" á netinu eru nú skráðir 426 amatörar og margir fleiri eru virkir. Í síðasta blaði af CQ TF nefndi ég vinsælt forrit sem IZ8BLY skrifaði. Hjá sumum Windows 95 notendum hafa ekki allar vémyndirnar komið fram á skjánum. Þetta reyndist vera Microsoft vandamál og þeir sem þurfa geta sótt skrána 401comupd.exe á <http://www.microsoft.com/msdownload/ieplatform/ie/comctrl.asp>. Þegar skráin er keyrð endurbætir hún Windows 95 og þar með er vandinn leystur. Margt spennandi er að gerast á þessu sviði svo sem Slowfeld tilraunir og PSK-Hell, en meira um það seinna.

73 de TF5SJ/LA0BX

## FOXHUNT - REFAVEIÐAR á 40 m

Til að efla cw leiknina og auðvelda fyrstu skrefin í loftinu væri ekki úr vegi að taka þátt í alheimsrefaveiðum sem fara fram á 7040 kHz. Hægt er að taka þátt sem einstaklingur eða taka þátt í einhverri grúpu. Ég er sem dæmi nýlega orðinn þáttakandi í grúpu sem kallar sig "Blue J's" Skilyrðið til að komast í þá grúpu var að heita nafni sem byrjar á J og hafa kallmerki hvers seinni hluti byrjar á J. Allar upplýsingar má finna á eftirfarandi vefsíðu:

<http://www.acs.oakland.edu/~prvalko/foxhunt.htm>

Kveðja de TF3JA

### Taplítið spólulím.

Verðið ykkur úti um litla glerflösku og fyllið hana að ¾ með acetone. Troðið í flöskuna eins miklu af pökkunarhnetum (Sem notaðar eru sem höggdeyfar fyrir brothætta hluti í kössum). Látið þetta vera í flöskunni í u.þ.b. viku til að allar hneturnar leysist upp. Útkoman verður lím með mjög litlu RF tapi.

Heimild Hrafnkell.

## K7UGA

Amatörradíóstöð hins vel þekkta Barry Goldwater, K7UGA, sem lest 29 maí 1998, hefur verið gefin Arizona Historical Society þar sem stöðin verður til sýnis. Ekki er gert ráð fyrir því að stöðin verði í starfhæfu ástandi þar sem loftnetabúgarðurinn hefur verið tekin niður og seldur.

Heimild ARRL

### Smíðagamanið

Í vor fórum við af stað með tilraun til smíðagamans. Tilraunin tókst vel að því leyti að verkefnið komst í gang. En nú er komið að því að hefjast handa að nýju eftir sumarleyfin og hef ég sem einvaldur félagsins í þessu máli ákveðið að fimmtudaginn 23. september hefjist smíðin að nýju í félagsheimilinu. Við Bjarni Magnússon munum yta þessu aftur í gang. Við byrjum með því að halda áfram við lyklarasmíðina og smásendiviðtækið og mikill áhugi er á að smíða síðan ferðalofnetsaðlag (já þetta er ekki prentvilla aðlag er gott orð alla vega betra en "tjúner" eða "aðlögunareining"). En okkur vantar samstarfsfólk og auglýsum því hér með eftir tveimur amatörum til að mynda með okkur kvartett. Þetta er allt saman sjálfbóðaliðastarf og því nauðsynlegt að hafa hóp í gangi til að ekki falli úr dagur ef einhver er upptekinn.

ps. athugið að hið besta mál er að tilnefna aðra en sjálfa sig í hópinn.

73 de TF3JA

## Hell news

Hell signals are heard from an ever increasing number of countries. Now there are 52, and when you read this, probably some more have been added. In "The Hell Call Book" 426 amateurs are currently listed, and many more are active. On the last sheet of CQ TF I listed popular software that IZ8BLY wrote. Some Windows 95 users do not have all vémyndirnar (?) appear on the screen. This turns out to be a Microsoft problem. Download the file 401comupd.exe from <http://www.microsoft.com/msdownload/ieplatform/ie/comctrl.asp>. Once the file is run, restart Windows 95 and the problem is solved. Much exciting is happening in this area, such as SlowFeld experiments and PSK-Hell, but more about that later.

73 de Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX